

STF-2017-09 Hvað er í matinn?

Á árinu 2015 fékk verkefnið Hvað er í matinn? viðurkenningu sem annað sætið í EDEN gæðaáfangastaður í matartengdri ferðamennsku árið 2015. Viðurkenningin er tilkomin vegna vinnu Friðar og frumkrafta við að sameina landbúnað og ferðaþjónustu og koma á samtali á milli þessara tveggja greina, ásamt frábærum afurðum úr Skaftárhreppi. Á árinu 2017 mun Friður og frumkraftar halda áfram að beita sér fyrir samstarfi milli ferðaþjónustu og landbúnaðar í Skaftárhreppi. Unnið verður áfram með matarverkefni klasans, Hvað er í matinn? Í ár mun klasinn bjóða uppá námskeið tengd landbúnaði og ferðaþjónustu, íbúum Skaftárhrepps að kostnaðarlausu. Markmiðið með námskeiðunum er að hvetja til aukinnar þekkingar og færni, og ýta undir nýjungar í ferðaþjónustu og landbúnaði. Áhugi fyrir því hvaða námskeið verða haldin verður kannaður, en á meðal hugmynda eru: Íslenskar nytjajurtir og kryddjurtir, berjarækt, íslenska landnámsænan, námskeið í gerð uppskrifta, útreiknings á næringargildi, framlegð og rýrnun, sultugerð, viskí og vínsmökkun og handverk úr hrosshári. Auk þess að halda matartengd námskeið mun klasinn beita sér fyrir því að matar- og handverksmarkaður verði með vörum úr héraði, a.m.k allar helgar yfir sumartímann. Þar munu aðilar í hreppnum geta komið með sína framleiðslu til sölu, og þar munu ferðafólk og aðrir geta komið og hitt sjálfa framleiðendurna og keypt beint af þeim vörur.

Markmiðið er að allir íbúar Skaftárhrepps geta komið sínum vörum á framfæri og selt sínar vörur, stórir og smáir framleiðendur, án milliliða. Friður og frumkraftar hafa nýlega tekið við umsjón markaðstjalds sem er til staðar í Skaftárhreppi. Til stendur að nýta það betur en hefur verið gert uppá síðkastið og halda markaði þar í sumar. Fyrsti matarmarkaðurinn verður þó haldinn í vor, í lok apríl, í Jarðvangsvíku Kötlu Jarðvangs.

Til stendur að halda fleiri matartengda viðburði í Skaftárhreppi og mun verða matarsmökkun á mat úr héraði verða í lok apríl. Þá verður boðið uppá, í samstarfi við framleiðendur og veitingastaði, að fólk geti farið á milli staða og smakkað það sem svæðið hefur uppá að bjóða. Möguleiki verður þá að fara í matarsmökkun með leiðsögumanni af staðnum. Þannig fái gestir meiri upplifun af matnum ásamt sögu hans. Þetta verður einstakt tækifæri til að fræðast um matarhefðir í Skaftárhreppi og vera prófraun um hvort áframhald geti orðið af þess háttar smökkun með leiðsögumanni.

Verkefninu var úthlutað kr. 500.000.- árið 2017.